



HÉRAÐSDÓMUR
AUSTURLANDS

D Ó M U R

30. maí 2018

Mál nr. S-41/2017:
Ákærandi: Lögreglustjórinn á Austurlandi
(*Helgi Jensson, fulltrúi lögreglustjóra*)

Ákærði: X
(*Jón Jónsson lögmaður*)

Dómari: Ólafur Ólafsson héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands miðvikudaginn 30. maí 2018 í máli

nr. S-41/2017:

Ákærvaldið

(Helgi Jensson, fulltrúi lögreglustjóra)

gegn

X

(Jón Jónsson lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 5. apríl sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Austurlandi, útgefinni 8. nóvember 2017, á hendur X, kt. [...], [...], [...]:

„fyrir umferðarlagabrot á Seyðisfirði, með því að hafa að kvöldi miðvikudagsins 16. ágúst 2017, undir áhrifum áfengis og allt of hratt og ógætilega miðað við aðstæður, ekið bifreiðinni [...] vestur Austurveg, yfir brúna á Fjarðará á öfugum vegarhelmingi og síðan eftir gangstétt og grasflöt öfugu megin miðað við akstursstefnu og þar ók kærði á mikilli ferð mjög nálægt gangandi vegfarendum sem áttu fótum fjör að launa og síðan ók ákærði þversum yfir Vesturveg og aksturinn endaði er hann ók á hús nr. 4 við Vesturveg og stórskemmdi bæði bílinn og húsið. Vínandamagn í blóði kærða mældist 1,83 %.

Telst þetta varða við 1. mgr. 5. gr. a, 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. og 2. mgr. 36. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. breytingarlög.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. breytingarlög.“

Fyrir dómi neitaði ákærði sök.

Við flutning máls féll fulltrúi ákærvalds frá tilvísun í ákæru til 2. mgr. 36. gr. umferðarlaganna, en áréttaði að öðru leyti gerðar kröfur.

Skipaður verjandi, Jón Jónsson lögmaður, krefst þess fyrir hönd ákærða, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds, en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa. Verjandinn krefst þess jafnframt að allur sakarkostnaður falli á ríkissjóð, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun hans.

I.

1. Samkvæmt frumskýrslu A lögregluvarðstjóra barst lögreglunni á Austurlandi tilkynning miðvikudaginn 16. ágúst 2017, kl. 22.18, þess efnis að fólksbifreiðinni [...]

hefði verið ekið um Austurveg á Seyðisfirði og að ökumaðurinn hefði misst stjórn á bifreiðinni við gatnamót nefndrar akbrautar og Vesturvegar með þeim afleiðingum að hún hafnaði á húsvegg. Samkvæmt tilkynningunni hafði ökumaðurinn þá þegar stigið út úr bifreiðinni.

Í skýrslunni segir frá því að lögregluvarðstjórinn hafi farið frá lögreglustöðinni á Egilsstöðum með forgangi á vettvang á Seyðisfirði, ásamt öðrum lögreglumanninum, B, og er þangað kom hafi þeir séð nefnda bifreið við húsvegg einbýlishússins að Vesturvegi 4. Af ummerkjum hafi þeir ályktað að bifreiðinni hefði verið ekið utan í ljósastaur sunnan við Austurveg, skammt austan nefndra gatnamóta með þeim afleiðingum að kúpullinn losnaði og féll til jarðar. Greint er frá því að bifreiðin hafi verið með sýnilegar ákomur á framhluta og á báðum hliðum, en tekið er fram að loft hafi verið í öllum hjólbörðum.

Á meðal rannsóknargagna eru áritaðar ljósmyndir lögreglu, þ. á m. yfirlitsmynd af vettvangi, sem m.a. sýna ætlaða akstursleið bifreiðarinnar [...] vestur Austurveg og yfir brúna yfir Fjarðará og að nefndum gatnamótum. Að auki eru sýnd skriðför, sem m.a. fara yfir gangstétt og grasbala við fyrrnefndan ljósastaur og er staðhæft að breidd skriðfaranna hafi verið hin sama og eru á milli hjóla á bifreiðinni [...]. Þá eru með myndum sýnd verksummerki á húsvegg Vesturvegar 4, en eignin er skammt vestan gatnamóta Austurvegar og Vesturvegar og nærri gatnamótum Ránargötu og Norðurgötu, en þar við eru og veitingahúsin Hótel Aldan og Kaffi Lára.

Í frumskýrslu lögreglu er greint nánar frá aðgerðum og aðstæðum á slysavettvangi. Þannig segir frá því að við komu lögreglu hafi slökkviliðsmenn þegar verið búnir að þekja bifreiðina [...] með eldvarnarfroðu, en vísað er til þess að bensín hafi lekið úr tanki hennar eftir áreksturinn. Greint er frá því að sjúkraliðsmenn hafi verið á slysavettvangi svo og nokkur fjöldi fólks, þ. á m. ákærði í máli þessu, X, en fyrir liggur að hann var skráður umráðamaður bifreiðarinnar [...]. Er haft eftir sjúkraliðsmönnum, sem skoðað höfðu ákærða, að hann hafi verið án sýnilegra áverka.

Í frumskýrslunni greinir nefndur lögregluvarðstjóri frá því að í viðræðum hans við ákærða á vettvangi hafi hann neitað að svara til um hver hafi verið ökumaður bifreiðarinnar [...] í greint sinn. Tekið er fram að greinileg áfengislykt hafi verið frá

vitum ákærða og að hann hafi verið sjáanlega ölvaður, en af þessum sökum hafi návist hans á vettvangi verið tryggð.

Í skýrslunni segir frá því að lögregluvarðstjórinn hafi grennslast fyrir um vitni að atburðarásinni og er haft eftir vitnunum C og D að þær hefðu séð bifreiðina [...] aka á nefndan húsvegg og að þær hefðu í kjölfarið séð ákærða, sem hafi verið einn í bifreiðinni, stíga út úr henni. Þá er haft eftir vitninu E að hann hefði fylgst með ákærða þar sem hann hafi verið einsamall við hlið bifreiðarinnar [...] eftir að henni hafði verið ekið á húsvegginn. Þá er haft eftir vitnunum að nokkur hópur fólks hafi verið nærri nefndum gatnamótum er atvik máls gerðust, nánar tiltekið fyrir utan Hótel Ölduna, en að auki hefðu erlendir ferðamenn verið á gangi við akbraut Austurvegar.

Samkvæmt rannsóknargögnum var ákærði handtekinn á vettvangi, kl. 22:43. Segir frá því að í kjölfarið hefðu nefndir lögreglumenn fundið kveikjulás bifreiðarinnar [...] í hægri framvasa á buxum hans.

Í skýrslum kemur fram að sökum mannfæðar hafi nefndum lögreglumönnum ekki reynst unnt að sinna vettvangsathugun sem skyldi umrætt kvöld og því hafi verkstjóra slökkviliðsins á Seyðisfirði verið falið að annast flutning á bifreiðinni [...]. Hafi henni í framhaldi af því verið komið fyrir á auðu svæði á bifreiðastæði fiskvinnslufyrirtækis í bæjarfélaginu. Verður ráðið af gögnum að lögreglumennirnir hafi lokið frumrannsókn sinni á vettvangi daginn eftir og þar á meðal með töku áðurgreindra ljósmynda.

Í frumskýrslu lögreglu segir frá því að ekki hafi reynst unnt að kalla til vakthafandi lækni á Seyðisfirði, en af þeim sökum hafi ákærði verið fluttur á varðstofu lögreglunnar á Egilsstöðum. Í framhaldi af því hafi verið kvaddur til læknaneminn F, sem tekið hafi blóð- og þvagsýni úr ákærða. Samkvæmt staðfestum vottorðum tók læknaneminn tvö blóðsýni úr ákærða, klukkan 23:36 og 00:32, en einnig þvagsýni, klukkan. 23:30.

Samkvæmt rannsóknargögnum neitaði ákærði á lögregluvarðstofunni að svara spurningum sem fyrir hann voru lagðar, en einnig að gefa svonefnda varðstjóraskýrslu. Vegna rannsóknarhagsmuna var ákærði vistaður í fangageymslu en yfirheyrður um málsatvik daginn eftir. Við þá skýrslugjöf kvaðst ákærði lítið geta tjáð sig um atvik máls sökum minnisleysis, að öðru leyti en því að hann hefði hafið áfengisdrykkju kvöldið áður, m.a. vegna persónulegs áfalls. Nánar aðspurður kvaðst ákærði ekki minnast þess að hafa ekið bifreiðinni [...] um götur á Seyðisfirði, og í raun aðeins minnast þess að hafa verið í bifreiðinni þar sem hún hafi verið við

húseignina að Vesturvegi 4. Við nefndar aðstæður kvaðst hann hafa drukkið áfengi, en einnig fyrir utan bifreiðina, en hann treysti sér ekki til að segja til um magnið. Að auki kvaðst ákærði minnst þess að hafa lagt leið sína á bar eftir að fólk dreif á vettvang, en þá enn fremur átt orðastað við vitnið G.

Við áframhaldandi rannsókn lögreglu, á tímabilinu frá 23. ágúst til 19. október 2017, voru fyrrnefnd vitni yfirheyrð, en einnig vitnin H og I. Skýrslur vitnanna, líkt og ákærða, voru hljóðritaðar og eru gögn þar um á meðal gagna málsins.

2. Með bréfi lögreglu, dagsettu 17. ágúst 2017, var óskað eftir rannsókn á fyrrnefndum blóð- og þvagsýnum ákærða hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði og þá þannig að ákvarðað yrði alkóhólmagn að kveldi 16. ágúst 2017, klukkan 22:18. Í vottorði rannsóknastofunnar, sem dagsett er 24. ágúst nefnt ár, segir að í fyrra blóðsýninu hafi alkóhólmagn, að teknu tilliti til vikmarka, mælst 1,83%, en í því síðara 1,58%. Þá hafi alkóhól í þvagsýninu mælst 2,47%.

Í álitserð rannsóknastofunnar, sem dagsett er 30. ágúst 2017, og undirrituð er af tveimur deildarstjórum, segir nánar um það álitaefni *hvort meintur ökumaður hafi verið undir áhrifum áfengis kl.22:18 þetta kvöld:*

„U.p.b. 2 % af neyttu etanóli skilst óumbreytt úr líkamanum og þá fyrst og fremst með þvagi. Útskilnaður etanóls úr blóði í þvag hefst strax og frásog etanóls í blóð hefst úr meltingarvegi. Þetta gerist hægt í byrjun en etanólstyrkur þvagsins eykst svo jafnt og þétt. Þegar etanól í þvagi er lægra en í blóði, bendir það til þess að viðkomandi hafi nýlega hætt neyslu áfengis og jafnvægi milli þvags og blóðs hafi ekki verið náð. Þegar neyslu etanóls er hætt líður nokkur tími þar til allt það etanól, sem kann að vera í maga og þörmum hefur náð að frásogast. Venjulega er gert ráð fyrir að því ljúki að mestu innan 1 – 2 klukkustunda (eftir magni þess áfengis sem drukkið er). Þegar jafnvægi milli etanóls í blóði og þvagi er náð má búast við að styrkur þess í þvagi sé um 20 – 30 % hærri en í blóði. Þá fer styrkur etanóls í blóði að falla en hann fellur með nokkuð jöfnum hraða (brothvarfshraði), sem er einstaklingsbundinn og getur verið 0,12 %–0,25 % á klst. Hátt hlutfall milli etanólstyrks í þvagi og blóði bendir til að talsverður tími sé frá því að viðkomandi losaði þvag síðast og einnig er það sterk vísbending að etanól í blóði hafi verið fallandi á þeim tíma sem sýnin voru tekin. Lágt hlutfall bendir hins vegar til, að drykkju hafi nýlega verið hætt og frásogi ekki lokið. Þegar jafnvægi er milli þvags og blóðs er hlutfallið nálægt 1,2 - 1,3.

*Niðurstöður úr etanólmælingunum sýna að etanólstyrkur hefur náð hámarki í blóði viðkomandi kl. 23:36. Það styður niðurstaða úr síðara blóðsýninu (87900). Út frá niðurstöðum má sjá að brothvarfshraði úr blóðinu er 0,27 % á klst. $((1,98-1,73)*60/56)$.*

Hlutfall milli þvags og blóðs er 1,3. Ef reiknað er til baka með brotthvarfshraðanum (0,27 %/klst), þá hefur etanólstyrkur verið 2,3 kl. 22:18 að því gefnu að drykkju hafi að mestu verið lokið uppúr kl. 21 þetta kvöld. Samkvæmt framansögðu hefur ökumaðurinn því verið talsvert ölvaður, þegar meintur ölvunarakstur átti sér stað.“

3. Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Fyrir dómi neitaði ákærði sakarefni ákæru að því er varðaði ölvunarakstur. Ákærði skýrði frá því að hann hefði drukkið „eitthvað“ af áfengi á heimili sínu á Seyðisfirði um kvöldmatarleytið miðvikudaginn 16. ágúst 2017; „en að það hefði ekki verið svo mikið samt.“ Ákærði kvaðst í raun minnast mjög óskýrt málsatvika síðar um kvöldið og kaus af þeim sökum að tjá sig ekki um það sakaratriði ákærunnar, að bifreið hans hefði ekið eftir gagnstétt og grasflöt á Seyðisfirði; „öfugu megin miðað við akstursteftu“, eða um það atriði að á akstursleið bifreiðarinnar hefði verið hópur af fólki. Ákærði kvaðst heldur ekki vilja tjá sig um önnur sakaratriði ákærunnar.

Nánar aðspurður kvaðst ákærði muna „eftir einhverju höggi“ og vefengdi ekki að bifreið hans hefði hafnað á umræddri húseign í greint sinn. Hafði ákærði á orði að allt benti og til þess að hann hefði verið ökumaður bifreiðarinnar, en neitaði að því leyti sök og sagði: „Ég man ekki einu sinni eftir að hafa sest inn í bíl.“ Ákærði staðhæfði að minnisleysi hans stafaði ekki af áfengisneyslu, en nefndi í því sambandi að hann hefði er atvik gerðust verið í einhvers konar ójafnvægi og áfalli.

Fyrir dómi skýrði ákærði frá því að hann hefði neytt áfengis eftir óhappið. Ákærði staðhæfði í fyrstu að neysla hans hefði aðallega farið fram inni í bifreiðinni og að hann hefði þá setið í ökumannssætinu. Vísaði ákærði til þess að hann hefði haft við höndina opna bjórdós og opinn áfengispela í bifreiðinni og sagði: „Það var búið að fá sér eitthvað af þessu.“ Nefndi ákærði í þessu sambandi sterkt áfengi, vodka, en sagði nánar um drykkjuna: „Ég man eftir mér að drekka í bílnum, þarna, klesstum bílnum.“ Ákærði kvaðst í fyrstu hafa drukkið eitthvað af bjór úr bjórflösku eða dós, þ.e. góðan sopa, en í framhaldi af því hefði hann tekið einn stóran sopa af hinu sterka áfengi úr pelanum. Ákærði staðhæfði að þessi áfengisneysla hans hefði tekið „enga stund, ... ef maður er þyrstur þá er maður ekki lengi að sturta þessu í sig, einhverjar sekúntur, ég veit það ekki ... ég var vankaður eftir þetta.“ Nánar aðspurður og eftir að hafa verið kynnt frásögn vitna fyrir dómi kvaðst ákærði ætla að nefnd áfengisneysla hans eftir óhappið hefði alfarið farið fram áður en hann yfirgaf bifreiðina og þá ekki eftir að hann fór úr henni. Þá kvaðst ákærði hafa skilið umræddar áfengisumbúðir eftir í

bifreiðinni. Hann staðhæfði jafnframt að mörg bjórílát önnur hefðu verið þar fyrir og andmælti hann að því leyti alfarið andstæðri frásögn lögreglumanna fyrir dómi. Nánar aðspurður kvaðst ákærði ætla að hann hefði verið um eina mínútu í bifreiðinni þar sem hún var kyrrstæð við áðurnefndan húsvegg, en kvaðst þó eiga í erfiðleikum með að segja til um það nákvæmlega vegna fyrrnefnds minnisleysis.

Ákærði kvaðst helst ætla að eftir að hann fór út úr bifreiðinni hefði hann fyrst hitt fyrir vitnið E. Þá kvaðst ákærði aðallega hafa haldið sig á slysavettvangi, en minntist þess að hafa lagt leið sína á veitingastaðinn Kaffi Láru, í næsta nágrenni. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa neytt áfengis á barnum og leiðrétti að því leyti efni yfirheyrsluskýrslu, sem hann hafði gefið hjá lögreglu við frumrannsókn málsins. Ákærði ætlaði og að góður hálf tími hefði liðið frá óhappinu þar til lögreglan kom á vettvang, en á þeim tíma kvaðst hann hafa átt orðastað við vitnið J héraðslögreglumann.

Ákærði skýrði frá því að eftir slysið hefði hann ekki talið ástæðu til þess að leita aðhlyningar hjá lækni, enda þótt hann hefði þá fundið til eymsla í hálsi.

Fyrir dómi greindi lögreglumaðurinn A frá atvikum í öllum meginatriðum í samræmi við áðurrakta frumskýrslu lögreglu. Vitnið kvaðst þannig strax á vettvangi hafa hitt ákærða fyrir, en einnig vitnið J héraðslögreglumann, en vitnið kvaðst hafa verið í símasambandi við þann síðarnefnda eftir að tilkynningin barst um nefndan atburð. Vitnið lýsti ástandi ákærða og handtöku svo og öðrum ráðstöfunum og athugun lögreglu með líkum hætti og hér að framan var rakið. Aðspurt kvaðst vitnið hafa gætt að áfengisumbúðum í bifreið ákærða umrætt kvöld og staðhæfði að þær hefðu ekki verið sýnilegar. Vitnið kvaðst einnig hafa gætt frekar að slíkum umbúðum daginn eftir atburðinn, en sem fyrr ekki séð þær í bifreið ákærða.

Vitnið B lögreglumaður kvaðst hafa farið á vettvang ásamt nefndum lögregluvarðstjóra eftir að tilkynningin barst á lögregluvarðstofuna á Egilsstöðum. Vitnið kvað margt manna hafi verið á vettvangi við komu þeirra, og bar að þar á meðal hefðu verið björgunarliðsmenn. Vitnið kvaðst hafa veitt því eftirtekt að bifreiðin [...] var umlukin kvoðu vegna bensínleka og eldhættu, og bar að strax við komu hefði verið bent á ákærða sem ætlaðan ökumann. Vitnið kvaðst eftir það hafa haft það hlutverk að gæta að ákærða í lögreglubifreið og því ekki sinnt öðrum verkum

á vettvangi. Vitnið sagði að ákærði hefði augljóslega verið ölvaður í greint sinn og staðhæfði að það hefði aldrei séð hann neyta áfengis.

Vitnið kvaðst hafa gætt að bifreiðinni [...] daginn eftir atburðinn og sagði: „... en þá kíktum við í bílinn,“ og aðspurt um áfengi eða áfengisumbúðir í bifreiðinni svaraði það þannig: „... ég bara man það ekki alveg, hvort að það voru einhverjar bjórflöskur í aftursætinu eða eitthvað, ég veit það ekki, nei ... ég held ekki ... það var eitthvað rusl.“ Vísaði vitnið til þess að það hefði í raun ekki verið í verkahring þess að gæta að þessu atriði. Það kvaðst hins vegar hafa tekið ljósmyndir af bifreiðinni og staðfesti að því leyti rannsóknargögn lögreglu.

Vitnið D kvaðst hafa verið utandyra við borðhald við Hótel Ölduna, ásamt vinkonum, er það heyrði mikil vélarhljóð, og lýsti það atvikum máls nánar þannig: „Við sjáum bíl koma á fullri ferð, mjög stjórnlausan, hann fer upp á tún eða gangstétt og þar fram hjá ljósastaur, sem sagt upp að Kaupfélaginu ... hann fer fram hjá bílnum mínum hjá ljósastaurnum, og þar niður aftur á götuna og klessir á hús. Það kemur rosa skellur og þá sáu allir hvert stefndi, hann var svo stjórnlaus sko. Og ég ásamt nokkrum öðrum hlaupum beint að bílnum ... það tekur mig cirka 10 sekúntur að hlaupa að bílnum ... þar sé ég ákærða inn í bílnum, hann er sem sagt að koma út, hann virkar mjög vankaður, og ég sé hann standa upp og fara úr bílnum bílstjóramegin. Hann var mjög furðulegur, ég gerði mér ekki alveg grein fyrir ástandinu á honum fyrir en ég fór að tala við hann, hann angaði af áfengi ... hann var rosalega augljóslega undir einhverjum áhrifum, ég veit ekki hvort að það var áfengi eða fíkniefni eða hvað, en það var alla vega ekki allt í lagi.“ Vitnið staðhæfði að ákærði hefði svarað öllum spurningum varðandi neyslu áfengis neitandi, en minntist þess að hann hefði haft á orði að hann hefði ætlað að aka til Egilsstaða.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða neyta áfengis eða handleika áfengisumbúðir í greint sinn. Vitnið kvaðst hafa litið inn í bifreið ákærða til að gæta að öðru fólki, en bar að ekki hefðu aðrir verið þar. Vitnið kvaðst heldur ekki hafa séð áfengi í bifreiðinni, en tók fram að það hefði ekki sérstaklega verið að horfa eftir slíkum varningi.

Vitnið skýrði frá því að margt manna hefði fljótlega komið á vettvang og bar að sumir hefðu gefið sig á tal við ákærða og þar á meðal erlendir ferðamenn, sem hefðu haft orð á því að ákærði hefði næstum því verið búinn að aka á þá. Vitnið tók fram í þessu samhengi að það hefði séð gangandi vegfarendur forða sér frá bifreið

ákærða þar sem henni var ekið á gangbraut Austurvegar og var það ætlan þess að þá hefði ákærði ekið yfir lögmætum hámarkshraða, 50 km/klst. Að þessu leyti staðfesti vitnið einnig ljósmyndir lögreglu af vettvangi.

Vitnið C kvaðst hafa verið utandyra við Hótel Ölduna, við borðhald ásamt vinkonum, þ. á m. vitninu D, er það heyrði bílhljóð og þá litið að brúnni yfir Fjarðarána, en þá séð hvar bifreið var ekið hratt eftir Austurveginum. Vitnið lýsti atvikum máls nánar þannig: „Hún (bifreiðin) keyrir upp á gagnstétt og fer þarna utan í ljósastaur og svo áfram á húsið ... þetta var alveg mjög mikið högg ... ég sé þetta gerast. Það voru þarna nokkrir túristar sem að þurftu í rauninni að stökkva frá bílnum.“

Vitnið kvaðst ekki hafa fylgt vinkonum sínum eftir er þær hlupu að bifreiðinni [...] eftir áreksturinn, en þó fært sig nær vettvangi og að akbraut Austurvegar. Við nefndar aðstæður kvaðst vitnið hafa séð ákærða fara út úr bifreiðinni og bar að það hefði hann gert mjög fljótlega eftir áreksturinn og sagði: „... mig minnir að það hafi bara verið eiginlega um leið sko, bara svona mínútu ... en ég man þetta ekkert hundrað prósent vel núna, það er orðið langt síðan ... mér fannst þetta gerast allt rosalega hratt.“ Vitnið áréttaði að vinkonurnar hefðu þannig strax eftir áreksturinn hlaupið að bifreið ákærða og bar að þær hefðu klárlega verið fyrstar á vettvang. Vitnið sagði að fleira fólk hefði fljótlega komið á vettvang, þ.e. 5-10 sekúndum á eftir vinkonunum. Um ástand ákærða hafði vitnið svofelld orð: „... það leit út fyrir að hann væri undir einhvers konar áhrifum ... eins og hann væri drukkinn og í sjokki líka.“

Vitnið E, rekstaradili Hótel Öldunar, að Norðurgötu 2, greindi frá því að umrætt kvöld hefði verið gott veður og mikið af ferðamönnum, þ. á m. við veitingastaðina í miðbænum. Vitnið kvaðst hafa verið að störfum að Norðurgötu 6, en er atvik gerðust verið utandyra, á leið fótgangandi að Ránargötunni og þá um leið litið yfir miðbæinn. Við þessar aðstæður kvaðst það hafa heyrt mikil aksturs- og skruðingshljóð berast frá firðinum að sunnanverðu og veitt því eftirtekt að hljóðin færðust nær. Vegna þessa kvaðst vitnið hafa staldrað við og skömmu síðar og þrátt fyrir rökkur séð hvar bifreið kom akandi á „töluvert mikilli ferð ... og ég var hræddur um að hún myndi lenda í þvögunni fyrir ofan hótelið eða á fólki sem var gangandi meðfram Ránargötunni.“ Að auki kvaðst vitnið hafa veitt því athygli að gangandi vegfarendur voru á akbraut Austurvegar, við bifreiðastæði Samkaupa. Vitnið kvaðst

hafa fylgst með akstri bifreiðarinnar og þar á meðal er henni var ekið yfir brúna yfir Fjarðará og þar yfir á öfugan vegarhelming miðað við akstursstefnu og síðan eftir gagnstétt og grasflöt millum stéttarinnar og nefnds bifreiðastæðis. Vitnið staðhæfði að á þessari akstursleið hefði bifreiðin farið nærri mörgum kyrrstæðum bifreiðum, en að auki ekið „mjög nálægt þessu fólki og guðs mildi að hún færi ekki á það.“ Vitnið bar að ökuhraði bifreiðarinnar hefði verið mikill, en að dregið hefði úr hraðanum við lýst aksturslag. Vísaði vitnið til þess að bifreiðin hefði m.a. rekist á skilti og farið nærri ljósastaur, en undir lokin hefði ökumaðurinn ekki náð beygjunni við gatnamót Vesturgötu og Austurvegar/Ránargötu, en í framhaldi af því hefði bifreiðin hafnað á húsvegg. Vitnið kvaðst strax hafa brugðist við, enda í fyrstu talið að bifreiðin hefði rekist á vegfarendur á gangbrautinni við Austurveg og því hraðað sér yfir akbrautina og á vettvang, en þá séð að fólkið var ekki slasað. Eftir þetta kvaðst vitnið hafa hlaupið aftur yfir götuna og að umræddri bifreið til þess að athuga með ástand ökumannsins og sagði: „... og þegar ég kem þar að stendur bílstjórinn beint fyrir frama bílstjórahurðina svona þögull og ég spyr hvort að allt sé lagi.“ Vitnið kvaðst hafa þekkt ökumanninn sem ákærða í máli þessu og staðhæfði að hann hefði verið einn í bifreiðinni. Nánar aðspurt ætlaði vitnið að um 20 sekúndur eða a.m.k. innan við hálf mínúta hefði liðið frá því að bifreið ákærða rakst á húsvegginn þar til það var komið að henni. Nánar aðspurt sagði vitnið að þessi tími hefði í raun verið enn styttri og vísaði þar um til þeirrar skýrslu sem það hafði gefið hjá lögreglu, en þar hafði það nefnt 15 sekúndur. Vitnið treysti sér ekki til að segja til um hvort það hefði í raun verið hinn fyrsti sem kom að bifreið ákærða eftir óhappið, en sagði að það hefðu a.m.k. ekki verið margir vegfarendur þar fyrir.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða neyta áfengis eða handleika áfengisumbúðir á vettvangi og aðspurt var það ætlan þess að ákærða hefði einfaldlega ekki gefist tími til slíkra athafna eftir óhappið og þá í ljósi lýstrar atburðarásar. Vitnið bar að það hefði verið greinilegt að ákærði kærði sig ekki um nein afskipti, umönnun eða athygli. Engu að síður kvaðst vitnið hafa fylgst með ákærða og þ. á m. er hann hefði gengið hálfhring um bifreiðina. Vitnið kvaðst hafa ætlað að ákærði væri í einhverju „sjokki eða leiðslu“ en ekki séð sýnilega áverka á honum.

Vitnið kvaðst hafa veitt því eftirtekt að vökvi rann frá bifreið ákærða um svipað leyti og fólk flyktist að, en vegna þessa kvaðst það hafa reynt að vara við hættunni og í framhaldi af því reynt að koma fólkinu frá. Vitnið bar að fljótlega hefði komið á vettvang fólk úr sjúkra- og slökkviliði og bar að það hefði í raun tekið við

vettvangsstjórnun, en þ. á m. hefðu verið vitnin J og K. Vitnið sagði að sá síðarnefndi hefði nær strax komið á vettvang, þ.e. á fyrstu mínúturnum eftir óhappið. Vitnið kvaðst eftir þetta hafa veitt því eftirtekt að ákærði hljóp yfir á veitingastaðinn Kaffi Láru, en þá jafnframt séð að nefnd vitni fylgdu honum eftir. Vitnið ætlaði að um 15-20 mínútur hefðu liðið frá því að bifreiðin hafnaði á húsveggnum þar til lögreglumenn komu á vettvang.

Vitnið J, slökkviliðs- og héraðslögreglumaður, kvaðst hafa verið á heimili sínu að [...] er það heyrði mikinn hávaða frá ökutæki. Vegna þess kvaðst vitnið hafa farið út á svalir, en þá séð hvar hvítri [...] -bifreið var ekið um akbrautina við heimili þess, í átt að miðbænum og því áleiðis að brúnni yfir Fjarðarána. Vitnið bar að bifreiðinni hefði verið ekið nokkuð greitt, en það kvaðst hafa misst sjónar á henni við brúarsporðinn, en skömmu eftir það heyrta skarkala, læti og þungan dynk, en einnig hróp og köll frá fólki, sem greinilega virtist vera brugðið. Vegna þessa kvaðst vitnið hafa hraðað sér á vettvang, um 400 m vegalengd. Vitnið bar að þegar það var komið að Fjarðaránni hefði það séð nefnda bifreið við húsvegg, en enn fremur veitt því athygli að reyk lagði frá henni. Vitnið bar að margt fólk hefði verið í næsta nágrenni, m.a. við nálæga veitingastaði og á gangstéttum hér og þar um bæinn. Kvaðst vitnið af þessum sökum hafa talið ástæðu til að gætt yrði að því hvort einhver hefði slasast vegna aksturslags ökumanns bifreiðarinnar, en bar að svo hefði ekki reynst vera. Vitnið kvaðst hafa ályktað að vegna hávaðans frá bifreiðinni í greint sinn hefði gangandi vegfarendum gefist tómt til að bregðast við í tíma.

Vitnið kvaðst hafa þekkt til bifreiðarinnar og því hlaupið að henni, en þá séð að ökumannshurðin var opin og að ákærði, X, var þar fyrir utan, en hallaði sér að bifreiðinni. Vitnið ætlaði að þá hafi verið liðnar um 2-3 mínútur frá því að það heyrði fyrrnefndan dynk. Vitnið bar að eitthvað af fólki hefði verið hjá ákærða er þetta gerðist, en að auki kvaðst það hafa orðið vart við að einhver nærstaddur aftengdi rafgeymi bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða neyta áfengis, en veitt því eftirtekt að hann var reikull í spori og af þeim sökum talið að hann hefði orðið fyrir höfuðhöggi. Vitnið sagði að ákærði hefði neitað öllum áverkum, en engu að síður kvaðst það hafa afráðið að vera hjá honum. Vitnið bar að fleiri vegfarendur hefðu komið á vettvang og gefið sig á tal við ákærða, og m.a. lýst reiði í hans garð og þá vegna aksturslagsins skömmu áður. Vitnið kvaðst er þarna var komið sögu hafa áttað sig á því að ákærði var undir áhrifum áfengis og enn fremur að hann hefði verið

ökumaður bifreiðarinnar, enda hefði hann haft orð á því að hann hefði verið með bílbelti. Vitnið bar að sífellt fleiri vegfarendur hefðu komið á vettvang, en einnig sjúkraliðsmenn, en um svipað leyti kvaðst það hafa orðið vart við bensínleka frá bifreiðinni. Vitnið kvaðst ekki hafa gætt sérstaklega að bifreið ákærða, en það kvaðst ekki hafa séð áfengisumbúðir í eða við hana. Vegna þessa alls kvaðst vitnið hafa gert lögregluvarðstjóra á Egilsstöðum viðvart símleiðis og í framhaldi af því og samkvæmt skipun haft auga með ákærða. Vitnið kvaðst m.a. hafa fylgt ákærða eftir, ásamt vitninu K slökkviliðsmanni, er hann lagði leið sína á barinn á veitingahúsinu Kaffi Láru, en þá misst sjónar af honum í 20-30 sekúntur. Vitnið kvaðst á hinn bóginn alfarið hafa fylgt ákærða eftir eftir þetta og þar á meðal er hann gaf sig á tal við vertinn I, en í framhaldi af því talið ástæðu til að nefna það við ákærða, að hann yrði að taka afleiðingum gjörða sinna. Vitnið bar að ákærði hefði tekið þessum orðum vel, en í framhaldi af því hefðu þeir farið aftur að bifreið hans og beðið þar komu lögreglu.

Vitnið K kvaðst hafa verið við eigin bifreið við heimili sitt er tilkynning barst símleiðis um að bifreið hefði verið ekið á hús á móti vinnustað þess, Hótel Ölduna. Vitnið kvaðst strax hafa brugðist við og hraðað sér akandi á vettvang og ætlaði að það hefði aðeins tekið um eina mínútu. Vitnið kvaðst vegna starfa sinna í slökkviliðinu strax hafa farið í það að tryggja vettvang og þá m.a. með því að leggja eigin bifreið á akbrautina. Vitnið kvaðst helst minnst þess að vitnið E hefði verið mjög nálægt nefndri bifreið er það kom á vettvang, en það lýsti aðkomu og aðgerðum sínum nánar þannig: „Þegar ég kem þá er X að stíga út úr bílnum bílstjóramegin, það rýkur úr húddinu ... ég veit svo sem ekki hvort að hann hafi sest inn í hana aftur, ... ég fer upp að honum og spyr hvort að þetta sé bíllinn hans og hann svaraði því játandi og spyr hvort að hann sé með bíllyklana, en hann segir að þeir séu í svissinum og ég spyr hvort að hann hafi verið að keyra og hann svarar því játandi.“ Vitnið kvaðst í ljósi þessarar orðræðu hafa gætt að ástandi ákærða og þá með tilliti til meiðsla og sagði: „og þá get ég nú séð það að hann er ekki edrú, hann er mikið ölvaður og það byggi ég nú bara á minni reynslu, er búinn að vinna í næturlífinu eiginlega allt mitt líf. ... hann er svona frekar valtur, en virðist ekki vera mikið vankaður ... en langt í frá að vera í ástandi til að keyra bíl ... þannig í mínum huga var þetta mjög borðleggjandi.“ Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða handleika eða neyta áfengis á vettvangi slyssins. Vitnið bar að skömmu eftir komu þess á vettvang hefði vitnið J einnig komið þar að og bar að þeir tveir hefðu skipt með sér verkum. Þannig hefði J sinnt ákærða, en það kvaðst

hafa hugað að bifreið ákærða og þá m.a. með því að rjúfa straum af henni, en að auki kvaðst það hafa farið í að „taka lykllana eða sem sagt svissa af bílnum vegna þess að það var ennþá sviss á honum, þó hann hafi ekki verið í gangi.“ Vitnið bar að það hefði ekki tekið bíllyklana úr svissinum, aðeins svissað af, en síðan aftengt rafgeyminn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð áfengi eða áfengisumbúðir í bifreið ákærða, en tók fram að það hefði ekki gætt að því sérstaklega við nefndar aðgerðir. Vitnið kvaðst hins vegar hafa veitt því eftirtekt að ákærði sýndi ýmiss flóttaeinkenni, þ. á m. í orðum, en af þeim sökum kvaðst það hafa fylgst vel með gjörðum hans og þar á meðal er hann lagði leið sína í skamma stund inn á veitingahúsið Kaffi Láru. Vitnið bar að þar hefði ákærði án árangurs reynt að fá afgreiðslu á áfengi hjá vertinum L. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um hvort ákærði hefði farið í eigin bifreið eftir að þeir komu aftur á slysavettvang og vísaði m.a. til þess að það hefði með öðrum undirbúið og síðan tekið þátt í því að dæla froðuefni á bifreið hans. Vitnið kvaðst því m.a. ekki geta sagt til um hvenær ákærði tók bíllyklana í sínar vörslur.

Vitnið I, fæddur [...], kvaðst hafa verið að störfum á barnum á Kaffi Láru, er það heyrði gríðarlega mikinn hávaða að utan og því farið út og gætt að hverju þetta sætti, en þá séð bifreið við húseignina Vesturgötu 4. Vitnið kvaðst fyrst hafa séð til ökumannsins eftir að hann hafði stigið út úr bifreiðinni og bar að þá hefði margmenni verið á vettvangi. Vitnið kvaðst hafa ályktað að ökumaðurinn væri undir áhrifum eða í sjokki og sagði: „Hann hagaði sér mjög skringilega.“ Vitnið kvaðst hafa haldið áfram störfum sínum á barnum, en bar að skömmu síðar hefði ökumaðurinn komið að barborðinu og pantað bjór. Vitnið kvaðst hafa neitað ökumanninum um afgreiðslu. Vitnið bar að fljótlega hefðu vitnin K og J komið á vettvang og fylgt ökumanninum út af staðnum.

Vitnið M, deildarstjóri á Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, staðfesti efni áðurrakinnar álitsgerðar fyrir dómi. Vitnið útskýrði efni álitsgerðarinnar enn frekar og þá m.a. hvað álykta mætti ef viðkomandi hefði drukkið stóran sopa af sterku áfengi og um eina bjórdós skömmu eftir að akstri lauk í greint sinn, kl. 22:18. Vitnið vísaði til þess að greint álitafni hefði ekki verið á meðal atriða sem beiðni lögreglu hefði lotið að við rannsókn rannsóknastofunnar. Vitnið sagði að að því gefnu að um meðalkarlmann væri að ræða sem hefði drukkið stóran áfengissopa, um 40 ml, að þá væri um að ræða 2 g af hreinum vínanda. Að því gefnu

hefði hlutaðeigandi innbyrt um 14-15 g af hreinum vínanda, sem gæti þá mælst að hámarki 0,2-03‰, og þá í ljósi þess að drykkjunni hefði að öðru leyti að mestu verið lokið upp úr kl. 21:00 og að blóð- og þvagprufur hefðu verið teknar um einni klukkustund og 20 mínútum eftir aksturinn. Að þessu leyti vísaði vitnið m.a. til þess að etanólstyrkur í blóði hlutaðeigandi hefði samkvæmt rannsóknarniðurstöðu fyrir þvagsýnatöku verið a.m.k. 2,1‰. Að þessu sögðu var það álit vitnisins að útlokað væri að áfengismagn í blóð viðkomandi hefði t.d. verið 1,2‰ við aksturinn í greint sinn og að hann hefði drukkið áfengi eftir á. Um greint álitaefni og með hliðsjón af niðurstöðu þvagrannsóknarinnar sagði vitnið nánar: „Það tekur a.m.k. tvær til þrjár klukkustundir að ná slíkum styrk í þvagini og þó það hefði bæst við þarna, að þetta er svo skammur tími að það ætti ekki að hafa gerst og brotthvarfshraðinn er líka svo hár að það bendir allt til að drykkju hafi lokið talsvert áður. Ég tel það nánast útilokað að það hafi verið einhver drykkja eftir á miðað við þennan háa brotthvarfshraða og miðað við þennan styrk í þvagi, hlutfall milli þvags og blóðs og að við getum reiknað til baka hvað þetta hefur verið, að minnsta kosti 2,1‰ kl. 23, þá tel ég nær útilokað að einhver drykkja hafi átt sér stað sem að skipti máli ... Þetta er það hátt, hár styrkur, eitt komma, tæp 2‰ í blóðinu og þvagið þarna 2,63‰, ef við skoðum þvag að þá er sambærilegur styrkur í blóði, ef reiknað er út frá þvagstyrk, hann er 80% lægri heldur í þvagini vegna þess að það er nær eingöngu vatn og þá dreifist alkóhólið algerlega um þann vatnsmassa en ekki í blóði þar sem rauðu blóðkornin hafa áhrif og 80% af þessum styrk í þvagini myndi gefa 2,1‰ sem að segir að hlutaðeigandi hefur verið, eða etanólstyrkur í blóði hlutaðeigandi hefur verið fyrir þvagsýnatöku alla vega, að minnsta kosti 2,1‰ ... það tekur a.m.k. tvær til þrjár klukkustundir að ná slíkum styrk í þvagini og þó það hefði bæst við þarna að þetta er svo skammur tími að það ætti ekki að hafa gerst og brotthvarfshraðinn er líka svo hár að það bendir allt til að drykkju hafi lokið talsvert áður.“

Vitnið N, sviðsstjóri Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, staðfesti einnig efni nefndrar álitsgerðar fyrir dómi. Vætti vitnisins var sambærilegt og frásögn M, og þá að því gefnu að viðkomandi hefði drukkið sem samsvaraði 14-15 g af hreinum vínanda eftir akstur, um kl. 22:18. Vísaði vitnið einkum til þess að um lítið magn væri að ræða og að áfengismagn í hinu rannsakaða þvagsýni, sem hefði verið tekið um rúmri klukkustund eftir að akstri lauk, hefði mælst gífurlega hátt. Að því leyti vísað vitnið einnig til niðurstöðu rannsóknar á seinna

blóðsýninu og bar að af þessum sökum hefði slík eftirádrykkja eða magn af áfengi haft lítil áhrif á niðurstöðuna samkvæmt álitsgerðinni og þá m.a. í ljósi brottfallshraða samkvæmt rannsóknum á tveimur blóðsýnum. Það var því álit vitnisins að áfengisdrykkjan hefði að mestu átt sér stað fyrir nefndan tíma, kl. 22:18.

II.

Í máli þessu er ákærða m.a. gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni [...] undir áhrifum áfengis að kveldi 16. ágúst 2017. Ákærði hefur við alla meðferð málsins neitað sök að þessu leyti og borið að hann hafi neytt áfengis eftir að bifreiðin hafnaði á vegg húseignarinnar að Vesturgötu 4. Ákærði hefur jafnframt neitað sök að því er varðar það sakaratriði að hafa ekið bifreiðinni yfirleitt í greint sinn, en hann hefur að því leyti vísað til algers minnisleysis.

Fyrir liggur að ákærði var vörslumaður bifreiðarinnar [...] er atvik máls gerðust.

Samkvæmt gögnum var lögreglu gert viðvart um ákeyrsluna í miðbæ Seyðisfjarðar umrætt kvöld kl. 22:18. Fyrir liggur að lögreglumenn handtóku ákærða á vettvangi kl. 22:43, en hann var þá með kveikjulaslyka bifreiðarinnar í buxnavasanum.

Ágreiningslaust er að alkóhól var í tveimur blóðsýnum ákærða síðar um kvöldið, kl. 23:36, og laust eftir miðnætti, kl. 00:32, en einnig í þvagsýni, sem hann gaf kl. 23:30. Samkvæmt gögnum mældist annars vegar magn alkóhóls í blóðsýnunum, með skekkjumörkum 1,83‰ og 1,58‰, en hins vegar mældist alkóhól í þvagsýn hans 2,47‰. Ágreiningur er m.a. um hvort greint akóhólmagn verði rakið að einhverju eða öllu leyti til drykkju ákærða áður en bifreiðinni var ekið um götur á Seyðisfirði eða eftir að hún hafnaði á umræddum húsvegg.

Ákærði hefur fyrir dómi, líkt og við yfirheyrslu hjá lögreglu, greint frá því að hann hafi neytt áfengis um kvöldmatarleytið þann 16. ágúst nefnt ár og enn fremur hefur hann staðhæft að hann hafi neytt áfengis í bifreiðinni eftir að henni hafði verið ekið á húsvegginn. Fyrir dómi greindi ákærði frá því að hann hefði drukkið góðan sopa af bjór, en í framhaldi af því stóran sopa af sterku áfengi við nefndar aðstæður. Ákærði hefur staðhæft að hann hafi neytt áfengisins strax eftir ákeyrsluna og jafnframt að hann hafi þá setið í ökumannssæti bifreiðarinnar, og að nefndar áfengisumbúðir hafi þá verið opnar. Hann hafi þannig gripið til þeirra, en að lokinni skjótri neyslu farið út úr bifreiðinni og þá skilið umbúðirnar eftir í bifreiðinni hjá öðrum álíka umbúðum. Ákærði lýsti því fyrir dómi að hann hefði í greint sinn ekki neytt frekar

áfengis og þar á meðal ekki fyrir utan bifreiðina, en að því leyti dró hann til baka fyrri frásögn sína hjá lögreglu. Ákærði hefur um önnur sakartriði neitað sök, en jafnframt vísað til nærri algers minnisleysis um atvik máls og eigin gjörðir umrætt kvöld, en í því sambandi hefur hann helst nefnt bágborið andlegt ástand sitt.

Hér að framan hefur verið rakinn framburður vitna fyrir dómi, þ. á m. D, C og E. Nefnd vitni hafa að áliti dómsins öll lýst skilmerkilega akstri bifreiðarinnar [...] þar sem henni var ekið vestur Austurveg, þ. á m. yfir brúna yfir Fjárðará, en síðan á öfugum vegarhelmingi og eftir gangstétt og grasflöt öfugum megin miðað við akstursstefnu, en eftir það yfir gatnamótin við Vesturveg og allt þar til henni var ekið á áðurnefndan húsvegg. Vætti þessara vitna hefur að mati dómsins trausta stoð í vætti annarra vitna, sem gefið hafa skýrslur fyrir dómi, einkum J og K. Samkvæmt staðfestri skýrslu lögreglu, sem stoð hefur í framlögðum ljósmyndum, en einnig vætti vitna, verður lagt til grundvallar að verulegt högg hafi komið á framhluta bifreiðarinnar [...] við ákeyrsluna á húsveginn.

Með afdráttarlausum og trúverðugum framburði nefndra vitna, einkum D, C og E, er að álit dómsins sannað að ákærði hafi verið ökumaður bifreiðarinnar [...] í greint sinn og að hann hafi verið einn á ferð.

Að virtum framburði nefndra vitna, sem fylgdust gjörla með akstri ákærða, en einnig athæfi og viðbrögðum hans strax eftir ákeyrsluna, er að áliti dómsins sannað að ákærði hafi risið skjótt upp úr ökumannssætinu og farið út úr bifreiðinni í greint sinni. Nefnd vitni báru enn fremur að þau hefðu ekki séð ákærða handleika áfengi við nefndar aðstæður eða séð slíkar umbúðir í bifreið hans. Frásögnin vitnanna hefur nokkra stoð í vætti J, en er einnig í samræmi við vætti lögregluvarðstjóra, sem leitaði í tvígang að áfengisumbúðum í bifreið ákærða en án árangurs.

Þegar framangreint er virt í heild og í ljósi áðurrakinnar álitsgerðar og vættis sérfræðinga hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja og eiturefnafræði er að mati dómsins ekki varhugavert að fallast á röksemdir ákæruvalds í máli þessu. Er þannig sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi verið ölvaður við nefndan akstur og að áfengismagnið í blóði hans hafi þá verið svo mikið sem greinir í 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaganna nr. 50/1987 með síðari breytingum.

Jafnframt er að áliti dómsins með vætti nefndra vitna, en einnig rannsóknarskýrslum og ljósmyndum lögreglu, lögfull sönnun fram komin um að ákærði hafi ekið með þeim hætti, sem rakið var hér að framan, þ.e. á öfugum

vegarhelmingi, eftir gangstétt og grasflöt, en einnig allt of hratt og ógætlega miðað við aðstæður, og þ. á m. mjög nálægt gangandi vegfarendum, sem átt hafi fótum fjör að launa, líkt og lýst er í ákæru. Ákærði er þannig sannur að sök, en greind háttsemi og er rétt heimfærð til ákvæða umferðarlaganna í ákæru, líkt og henni var breytt við meðferð málsins fyrir dómi.

III.

Ákærði, sem er fæddur [...], hefur samkvæmt sakavottorði áður sætt refsingu, sem áhrif hefur í máli þessu. Ákærði gekkst þannig í apríl 2015 undir sáttargjörð lögreglustjóra fyrir umferðarlagabrot, þ. á m. ölvunarakstur. Með sáttinni var ákærði auk sektar til ríkissjóðs sviptur ökurétti í fjóra mánuði.

Að þessu athuguðu og í ljósi þess hversu alvarleg háttsemi ákærða var í raun þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi tuttugu daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Í samræmi við kröfur ákæruvalds, tilgreind lagaákvæði og ofangreinda niðurstöðu dómsins ber að svipta ákærða ökurétti og þykir hún hæfilega ákveðin þrjú ár og sex mánuðir frá birtingu dómsins.

Með vísan til málsúrslita ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað ákæruvalds, 98.343 krónur, en einnig málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Jónssonar lögmanns, fyrir dómi, en einnig vegna starfa hans við rannsókn málsins hjá lögreglu, og þykja þau hæfilega ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu, 343.604 krónur.

Með málið fór fyrir ákæruvaldið Helgi Jensson ftr.

Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 184. gr. laga nr. 88/2008.

Dómur þessi er kveðinn upp af Ólafi Ólafssyni héraðsdómara.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, greiði 300.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi tuttugu daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökurétti í þrjú ár og sex mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði 441.947 krónur í sakarkostnað og eru þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Jónssonar lögmanns, 343.604 krónur.

Ólafur Ólafsson

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði að viðstöddum fulltrúa ákæruavalds, Helga Jenssyni ftr. og skipuðum verjanda ákærða, Jóni Jónssyni lögmanni og er þeim afhent afrit dómsins.

Dómþoli er ekki mættur og verður dómurinn sendur til lögreglustjóra til tíðkanlegrar birtingar.

Dómþingi slitið,
Ólafur Ólafsson

Vottur:

Rannveig Árnadóttir.